



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

ENSK1XC05

Kennarar:	Halldóra Björk Guðmundsdóttir (halldora@fsu.is) Sigríður Rós Sigurðardóttir (sigridurros@fsu.is) Þorbjörg Lilja Jónsdóttir (thorbjorg.lilja@fsu.is)
-----------	---

Áfangalýsing:

Markmið í ensku er að viðhalda og byggja ofan á kunnáttu og færni sem nemendur hafa þegar náð. Áhersla er lögð á færni nemenda í upplýsingaöflun sem nýtist í daglegu lífi. Unnið er með hlustunarefni, lesefni, myndefni og tónlist af margvíslegu tagi. Skriflegar æfingar eru gerðar við hæfi hvers og eins. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nýti sér alla tiltæka námstækni svo sem rafrænar orðabækur, talgervla, hljóðbækur og fjölbreytt margmiðlunarefni. Viðfangsefnin eru miðuð við getu og þroska hvers nemenda.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:
- algengum orðum og orðasamböndum í töluðu og rituðu máli
- lestri og ritun texta sem nýtist í daglegu lífi

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni
- skrifa stuttan samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á
- tjá sig munnlega og/eða skriflega um málefni sem hann hefur kynnt sér
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi s.s orðabækur, tölvur.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja einfalt daglegt mál, fjölmiðlaefni og annað efni við hæfi.
- fylgjast með frásögnum og ná aðalatriðum úr fjöl- og myndmiðlum og geta dregið ályktanir af því
- afla sér upplýsinga á netinu eða í fjölmiðlum til notkunar í daglegu lífi
- lesa sér til ánægju og þroska og geti tjáð skoðun á sína á lesnu efni
- miðla eigin þekkingu, skoðunum og tilfinningum sem og persónulegri reynslu munnlega og/eða skriflega

Námsefni:

- Vocabulary and Reading bækur frá 1-5.
- Fjölbreytt efni af vef frá kennara
- Þáttaraðir/kvikmynd sem nemendur velja
- Spil og leikir

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1 - 4	6- 30. janúar	Kennsla hefst fim. 8. janúar. Tímaskipulag: 1. Verkefnavinna í ýmsum bókum, unnið með m.a. lesskilning, málnotkun. 2. Áhorf á þætti eða kvikmynd. Ritun/verkefni um áhorfið. Ýmis verkefni, spil og leikir.	Einstaklingsmiðuð próf og verkefni Virgni og ástundun í kennslustund
5 - 8	2-27. febrúar	Miðannarmat lokaskil 20.febrúar. Vorfrí 23. – 24. Febrúar. Starfsþróunardagur í FÁ 27.febrúar. Tímaskipulag: 1. Verkefnavinna í ýmsum bókum, unnið með m.a. lesskilning, málnotkun. 2. Áhorf á þætti eða kvikmynd. Ritun/verkefni um áhorfið. Ýmis verkefni, spil og leikir.	Einstaklingsmiðuð próf og verkefni Virgni og ástundun í kennslustund
9 - 12	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. Tímaskipulag: 1. Verkefnavinna í ýmsum bókum, unnið með m.a. lesskilning, málnotkun. 2. Áhorf á þætti eða kvikmynd. Ritun/verkefni um áhorfið. Ýmis verkefni, spil og leikir.	Einstaklingsmiðuð próf og verkefni Virgni og ástundun í kennslustund

13 - 16	7.- 30. apríl	Tímaskipulag: 1. Verkefnavinna í ýmsum bókum, unnið með m.a. lesskilning, málnotkun. 2. Áhorf á þætti eða kvikmynd. Ritun/verkefni um áhorfið. Ýmis verkefni, spil og leikir.	Einstaklingsmiðuð próf og verkefni Virgni og ástundun í kennslustund
17 - 19	4.- 24. maí	Dimissjón 8. Maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Brautskráning fös. 29. Maí. Tímaskipulag: 1. Verkefnavinna í ýmsum bókum, unnið með m.a. lesskilning, málnotkun. 2. Áhorf á þætti eða kvikmynd. Ritun/verkefni um áhorfið. Ýmis verkefni, spil og leikir.	Einstaklingsmiðuð próf og verkefni Virgni og ástundun í kennslustund

Sérreglur áfangans:

Mæta þarf í tíma samkvæmt skólasóknarreglum FSu og eru nemendur hvattir til að kynna sér þær.

Þar sem öll vinna í áfanganum fer fram í tíma og ekki er krafist heimavinnu þarf nemandi sem er með opið vottorð að vera að lágmarki með 50% raunmætingu við lok annar til að standast áfangann.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsmatið er einstaklingsmiðað s.s. leiðsagnarmat, jafningjamat og sjálfsmat. Regluleg endurgjöf er frá kennara á vinnuframlagi nemenda hvað varðar verkefnaskil, virkni í kennslustundum, mætingu og ástundun.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnavinna	Þáttaskilningur, ritunarverkefni og ýmis verkefni sem lögð eru fyrir á önninni.	50 %
Virkni	Vinnusemi, áhugi, ástundun og þátttaka í tímum.	50%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?
Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðulands, 8. janúar 2026, kennarar sérnámsbrautar FSu.